

558. mál, breyting á IV. viðauka v. EES-samninginn - öruggt framboð raforku

Óskað hefur verið eftir lýsingu á megináhrifum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB á íslenskt lagaumhverfi og raforkumarkað. Í samræmi við athugasemdir hagsmunaaðila og mat ráðuneytisins kann umrædd tilskipun að kalla á eftirfarandi breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, og um leið reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum.

Ákvæði tilskipunarinnar 1.1(a) um tryggða raforkuframleiðslu: Í raforkulögum er ábyrgð á nægilegri raforkuframleiðslu óskilgreind, þ.e. ekki er tekið á því hver ber ábyrgð á nægilegu framboði á raforku. Til að greiða hér úr þessu atriði eru tvær leiðir færar, í fyrsta lagi að kvöð verði lögð á framleiðendur og í öðru lagi að kerfisstjóri kaupi tryggðan aðgang að framleiðslu raforku. Hvor leiðin sem verður valin þá þarf að taka á málinu með lögum en tryggja þarf að inngripið verði sem allra minnst til að samkeppni verði ekki raskað. Hafa ber hugfast að hér á landi er raforkukerfi einangrað frá öðrum kerfum og því ekki unnt að verða úti um aukaafll frá öðrum kerfum.

Ákvæði 5.1(b) um raforkuframleiðslu vegna jöfnunarorku: Til að ná því markmiði að flutningsfyrirtækið geti gert kröfu til framleiðanda raforku um að næg orka sé framleidd svo jafnvægi verði og skilvirkur markaður með raforku verði til er nauðsynlegt að breyta gildandi lögum. Að gildandi lögum hefur Landsnet ekki þær heimildir sem til þarf svo framangreint verði tryggt.

Ákvæði 5.2(b) um hömlur í orkusölusamningum um að selja raforkuna áfram: Í umsögn Landsnets kom fram að fyrirtækið telur mikilvægt að þeim sem kaupa raforku sé almennt heimilt að selja hana áfram svo virkum raforkumarkaði verði komið á. Meta þarf hvort slíkt fyrirkomulag kalli á lagabreytingar eða hvort unnt sé að grípa til vægari aðgerða.

Ákvæði 6.1(a) um fjárfestingarmöguleika flutningsfyrirtækja: Landsnet telur gildandi lög skorta svigrúm varðandi regluverkið um tekjur flutningsfyrirtækisins og verðlagningu. Þannig er stýringin í dag í gegnum tekjuramma í stað þess að stýra verðlagningunni og leyfa þannig hagræðingu í kostnaði. Leggur Landsnet til að tekið verði upp eftirlit með verðlagningu en ekki á grundvelli tekjuramma. Umrædd tillaga Landsnets kallar hins vegar á breytingar á gildandi raforkulögum og hugsanlega sérlögum um fyrirtækið ásamt reglugerð um framkvæmd raforkulaga sem og reglugerð um kerfisstjórnun í raforkukerfinu.

Af framangreindu má ráða að umrædd tilskipun kann að hafa áhrif á innlenda löggjöf. Hins vegar þarf að fara fram mat á því hversu miklar lagabreytingar þörf er að ráðast í þannig að inngrip í samkeppni á raforkumarkaði verði ekki of mikið. Einnig þarf að meta hvort innleiðing tilskipunarinnar náist á fullnægjandi hátt með tilheyrandi breytingum á reglugerðum og lágmarka þannig allra breytingar á núgildandi raforkulögum og lögum um Landsnet. Huga þarf að ýmsum þáttum áður en ákvörðun um lagabreytingar verður tekin, þáttum eins og hagræn áhrif, samkeppnisstaða fyrirtækja og óhóflegt inngrip í rekstrarþætti fyrirtækja á raforkumarkaði svo dæmi séu tekin.

Rétt er að vekja athygli á að í samræmi við bráðabirgðaákvæði XIII við raforkulög hefur iðnaðarráðherra óskað tilnefninga fulltrúa hagsmunaaðila og þingflokka sem

falin skal endurskoðun laganna. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 31. desember 2010. Á þeim vettvangi mun óhjákvæmilega verða tekið tillit til þeirra þjóðréttarlegra skuldbindinga sem íslenska ríkið hefr gengist undir vegna EES samningsins og þ.m.t. þeirra álitafna sem getið er að framan.